

Íslendingasögur.

I.

Efnið í sögunum er oft ekki skemtilegt; mikið af því er deilur, bardagar og víg. Það sem kemur oss til að lesa aftur og aftur, er fremur hverjir það eru, sem frá er sagt, og hvernig sagt er frá, heldur en atburðirnir, sem verið er að segja frá. Tildrögin til þess að ein af merkilegustu tilraununum í sögu mannkynsins mistókst, er það sem mest er frá sagt. En það er sagt frá því á þann hátt, að ekki er vonlaust um að rjetta megi tilraunina við.

Sumir menn, einkum útlendir (að prófessor Heusler þó undanskildum), virðast helst vilja láta telja Íslendingasögur skáldskap. En ef menn gera það, þá misskilja þeir aðalatriðið í þeim. Áhuginn á því að segja rjett og satt frá merkilegum mönnum, forfeðrum og frændum, er það sem einkennir vorar bestu sögur; og það hefur svo vel tekist, og þess vegna hefur svo vel tekist, að þar sem best er í Íslendingas., er toppur sögurritunar á jörðu hjer. Í hinni frægu lýsingu Mommsens á Cæsar, er meira af tilbúningi, heldur en í mannlýsingum Snorra Sturlusonar og annara sögumanna íslenskra, sem bestir hafa verið. Og málsnildinni þarf ekki að jafna saman; hvorki Mommsen eða Carlyle eða aðrir söguritarar ágætir frá síðari tímum komast að málsnild nálægt því sem Íslendingar hafa best gert. Júlíus Cæsar, sjálfur dínus Júlíus, virðist mjer vera sá eini söguritari, þeirra sem jeg hef nokkuð eftir lesið, er nefna megi sem sögumálsnilling, nálægt hinum bestu Íslendingum höfðingjaaldarinnar.

II.

Það þarf að skrifa sögu Íslendinga á þann hátt, að það skiljist, hvaða tilraun það er, sem var gerð með byggingu landsins. Tilraunin var gerð til þess að koma á fegra mannfjelagi en í öðrum stöðum var til, frjalsari og fullkonnari stjórn en í konungsríkjum var, goðastjórn. Ísland var samríki af goðaríkjum, og samþing-ið hjet Alþing. Og Alþingi mun þjóðin koma sjer upp aftur, ef hún rjettir við. Því að þing það sem vjer eigum nú, er í rauninni fremur lögþing en Alþing. Samnefnt þjóðþing verður það ekki, fyr en þingið er háð á hinum forna þingstað, nokkra daga af hverjum þingtíma.

III.

Tilraunin var enn fremur gerð til þes að varðveita hið besta mál, sem mannkyn þessarar jarðar hefur eignast. Því að það má sýna fram á, með vísindalegri aðferð, að norræn tunga er einmitt það sem mannkyninu hefur best tekist í þessari merkilegu tungumálsviðleitni, sem er eitt af einkennum mannkynsins gagnvart dýrunum. Og það er einmitt það, sem búast mátti við um mannkyn þar sem er að koma vísun í toppinn, hið hvíta mannkyn, að göfugasta málið mundi alstaðar undir lok líðið, nema á erfíðri úthafseyju. Meðan Íslendingar hafa enn þá að varðveita aðalsmál

mannkynsins, er ekki vonlaust um tilraunina sem Landnáma segir oss frá, bók, sem eins og við var að búast, á ekki sinn líka í neinum bókmentum. Ef menn halda að hjer sje um nokkurn þjóðernishroka að ræða, þá hafa þeir ekki skilið mig. Málsins vegna hafa Íslendingar, þó að fáir sjeu, alveg sjerstaka þýðingu fyrir Norðurlönd. Þegar íslenskir vísindamenn fara að koma sjer betur við og verða betur samtaka, bæði sjálfir og svo alþjóð annari og þjóðin þeim, þá mun margt í þessum efnun verða í augum uppi, sem menn virðast lítt hafa áttað sig á enn sem komið er.

Norðurlandþjóðir fá ekki eins heillavænleg áhrif á heimsmenninguna og þær geta fengið og nauðsynlegt er að þær fái, sín vegna og alls mannkyns, ef hið forna mál verður þar ekki endurreist. En án aðstoðar Íslendinga getur sú endurreisn ekki orðið.

18. 11.

Helgi Pjeturss.

Lögúttis 1916 síða 200.